

Nemendur skila skýrslu, fylla út matskvarða og koma með tillögu að einkunn. Vinnið sjálfsmatið í tölvu, í þessu skjali. Sendið í tölvupósti á freyja@ml.is með afriti (cc) á alla í hópnum.

Titill verkefnisins:

Verkefnið vann/unnu:

Skýrsla

1. Lýsing

Lýsið verkefninu stuttlega. Hvernig er það, af hverju völduð þið að gera það o.s.frv.

2. Tenging

Lýsið því hvernig viðvangsefnið **tengist félagsfræðinni**. Hvernig sýnir það fram á **þekkingu eða skilning** á málefnum sem snerta félagsfræðina?

Hvaða **félagsfræðilegu hugtökum** er beitt í verkefninu?

3. Miðlun

Hvernig komuð þið verkefninu á **framfæri** við aðra? Hvaða **færni** þjálfuðuð þið við gerð þessa verkefnis (t.d. að búa til myndband, að skrifa grein, að gera veggspjald)?

4. Sköpun

Á hvaða hátt er verkefnið frumlegt, áhugavert, skemmtilegt, sniðugt eða mikilvægt? Hver finnst ykkur vera **helsti kostur** verkefnisins?

5. Vinnubrögð

Lýsið því hvernig verkefnið vannst. Var því vel sinnt? Sýnduð þið áhuga? Hvernig var **vinnuferlið**?

Matskvarði

Setjið X á viðeigandi stað í töflunni.

	MJÖG GOTT	GOTT	SÆMILEGT	SLAKT
Verkefnið í heild				
Tenging				
Miðlun				
Sköpun				
Vinnubrögð				

Einkunn

Einkunn sem nemendum finnst sanngjörn: _____

Mat kennara

Ef einkunnin er sanngjörn og sjálfsmatið er vel unnið þá stendur einkunn nemendanna.

Dæmi 1: Nemendur gefa sér einkunnina 8. Kennari er sammála og sjálfsmatið er vel unnið. Lokaeinkunn: 8.

Ef einkunnin er sanngjörn en sjálfsmatið illa unnið þá lækkar einkunnin um einn heilan.

Dæmi 2: Nemendur gefa sér einkunnina 8. Kennari er sammála en sjálfsmatið er illa unnið. Lokaeinkunn: 7.

Ef einkunnin er ósanngjörn (of lág eða of há) þá gildir mat kennarans. Auk þess lækkar sú einkunn um einn heilan.

Dæmi 3: Nemendur gefa sér einkunnina 8. Kennari telur að verkefnið sé aldrei upp á meira heldur en 6. Lokaeinkunn: 5.